



Fréttatilkynning frá  
skrifstofu forseta Íslands

## FORSETI ÍSLANDS FLYTUR ÁVARP Á FUNDI DANSK INDUSTRI

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flutti í morgun ræðu á málþingi sem skipulagt var af Dansk Industri og Dansk-íslenska verslunarráðinu í húsakynnum Dansk Industri.

Heiti málþingsins var: *Hvorfor er islandske firmaer saa innovative – giver det anledning til forundring?* Meðal annarra frummælenda á málþinginu voru Sigurður Einarsson stjórnarformaður Kaupþings, Hannes Smárason forstjóri FL-Group og Hörður Arnarson forstjóri Marels. Fundarstjóri var Uffe Elleman-Jensen, fyrrverandi utanríkisráðherra Danmerkur. Að loknum framsöguræðum svöruðu frummælendur fyrirspurnum fundargesta.

Í ræðu sinni fjallaði forseti Íslands um árangur íslenskra fyrirtækja á alþjóðavettvangi og rakti ýmsar ástæður sem þar liggja til grundvallar. Hann vakti einnig athygli á því að ýmis önnur smærri ríki Evrópu hefðu náð góðum árangri og margt benti til að 21. öldin gæti orðið smáum og meðalstórum ríkjum afar hagfeld. Alþjóðavæðingin og byltingin í upplýsingatækni gæfi athafnamönnum og frumkvöðlum tækifæri til að ná árangri á heimsmarkaði. Lítil heimamarkaður væri ekki lengur sú hindrun sem áður var.

Forsetinn rakti einnig ýmis sérkenni íslensks viðskiptalífs sem gert hefðu íslenskum athafnamönnum kleift að vinna marga sigra í samkeppni við stærri fyrirtæki á heimsmarkaði. Þar kæmi einkum til vinnusemi þjóðarinnar, áhersla á skjót viðbrögð, stuttar boðleiðir, trúnaður í samskiptum einstaklinga og sú staðreynd að þjóðin hefði verið blessunarlega laus við þau svifaseinu skrifræðisbákn sem hömluðu framför í öðrum löndum.

Forsetinn taldi allar líkur á því að útrás íslenskra fyrirtækja mundi á komandi árum halda áfram af fullum krafti og þau góðu tengsl sem Íslendingar hefðu náð við Indland og Kína sköpuðu íslensku viðskiptalífi fjölmörg ný tækifæri.

Ræðu forsetans má nálgast á heimasíðu embættisins.

9. febrúar 2007

Nánari upplýsingar veita Skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).